


Nr.: NSL-001	Tækniskólinn	 Tækniskólinn <small>skóli atvinnulífsins</small>
Útgáfa: 2.0		
Dags: 11.11.2012		
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir	ARPA	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Markmið námskeiðs:

Að veita nemendum þekkingu, auka skilning og þjálfna færni þeirra við notkun ARPA-ratsjár. Tryggja að kunnáttu nemenda sé í samræmi við kröfur IMO, um kunnáttu í notkun ARPA, í samræmi við STCW, A-II/1 og A-II/2 bókunina. Nemandinn skal kunna að plotta með ratsjónni bæði „manuelt og auto“, stilla viðvörðunarkerfin, nota trial, tengja ARPA-tækið við önnur siglinga- og staðarákvörðunartæki. Að nemandinn kunni að stilla og nota tækið þannig að fylsta öryggis sé gætt fyrir skip og áhöfn. Hann skal gæta þess að ofmeta ekki tækið og möguleika þess. (Gert er ráð fyrir að nemandinn hafi kunnáttu og leikni í notkun ratsjár).

Inntökuskilyrði:

Nemandinn skal hafa lokið „SA skipstjórnarnámi“ (1. stigi skipstjórnarnáms).

Tímalengd:

34 kennslustundir.

Fjöldi nemenda:

9 hámark (3 í hvert eigin skip).

Almenn lýsing námskeiðs:

Fjallað er um notkun ARPA-ratsjár, undirstöðuþætti tækis og búnaðar, aðalhluta ARPA-kerfisins og einkenni, takmarkanir kerfisins, greining hugsanlegrar árekstrarhættu og notkun siglingareglanna. Gert er ráð fyrir 100% mætingu.